

Ed. 405. Frumvarp til laga [164. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn á Keflavíkurflugvelli áfengisútsölu, er eingöngu selji áfengi til farþega og flugvélaáhafna í framhaldsflugi.

Áfengisverzlun ríkisisins rekur útsölu þessa undir yfirstjórn utanríkisráðherra. Ráðherra ákveður verð áfengis, sem selt er með þessu móti, og setur nánari reglur um eftirlit með rekstrinum og þeim farþegum, sem við verzlunina skipta.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur heimilað útsölu þeirri, sem um ræðir í 1. gr., að hafa einnig á boðstólum tóbak og hvers konar aðrar vörur, sem henta þykir, og gilda um þá verzlun reglur 1. gr., eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.